



Skólanámskrá 2024 -2025



**II. hluti
Nám og kennsla
6. bekkur**

Umsjónarkennari: Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar	2
Viðmiðunarstundaskrá	2
Íslenska, Samfélagsfræði, Náttúrufræði og Upplýsingatækni	2
Markmið og leiðarljós:	3
Greinarhluti: Íslenska	3
Greinarhluti: Samfélagsfræði	4
Greinarhluti: Náttúrufræði	5
Greinarhluti: Upplýsingatækni (sambætt við aðrar greinar)	6
Stærðfræði	7
Erlend tungumál	10
Danska	10
Enska	11
List og verkgreinar	13
Heimilisfræði	14
Hönnun og smíði	15
Myndmennt	17
Textílmennt	17
Margmiðlun	19
Skólaíþróttir	19

Bakgrunnsupplýsingar

Í 6. bekk eru 12 nemendur, 6 strákar og 6 stelpur. Alls fá nemendur 35 kennslustundir á viku. Umsjónarkennari er Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir, hún kennir íslensku, samfélagsgreinar, náttúrugreinar, umsjón, smiðjur og margmiðlun. Dagbjört Lína kennir Stærðfræði, Gunnar Andri kennir Íþróttir, Gréta kennir leiklist, Dagný Rut kennir myndmennt, Karitas kennir textílmennt og Elísabet Kristín heimilisfræði. Silja kennir dönsku og ensku.

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	6
Stærðfræði	5
Samfélagsgreinar	4
Náttúrgreinar	3
Danska	2
Enska	3
Smiðjur	3
Íþróttir	4
Umsjón	1
Smíði /Heimilisfræði/Leiklist	2
Textílmennt /Myndmennt/Margmiðlun	2
Samtals	35 kennslustundir

Íslenska, Samfélagsfræði, Náttúrufræði og Upplýsingatækni

Kennari: Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir

Kennslustundir á viku:

- Íslenska: 6 tímar
- Samfélagsfræði: 4 tímar
- Náttúrufræði: 3 tímar
- Upplýsingatækni: Innifalin í samþættingu greina

Markmið og leiðarljós:

Kennslan byggir á áherslum aðalnámskrár grunnskóla þar sem markmiðið er að efla sjálfsmynd, tilfinningagreind og samfélagsvitund nemenda. Í íslensku er áhersla lögð á lesskilning, ritun og tjáningu, í samfélagsfræði á sjálfsmynd og samskipti og í náttúrufræði á skilning á náttúrunni og tengsl manns og umhverfis. Kennslan er samþætt á ýmsa vegu til að auka áhuga og skilning nemenda.

Heimanám: Heimanám er aðallega í formi heimalesturs. Nemendur munu lesa daglega heima og fá lestrarbækur til að lesa heima í. Einnig gætu verkefni verið send heim ef nemendur ná ekki að klára þau í tímum, auk þess sem nemendur geta unnið verkefni sem tengjast fjölskyldunni og þau sjálf til að efla þátttöku foreldra í námi.

Greinarhluti: Íslenska

Kennsluefni / Kennslugögn:

- *Málrækt 2:* Verkefni um málnotkun, málfræði og lesskilning.
- *Orðspor 2 og Annar smellur:* Verkefni til að auka orðaforða og þjálfna ritun.
- *Strandaglópar, Kennarinn sem hvarf og Ys og Þys:* Kennari les þessar bækur með nemendum og verkefni eru unnin út frá þeim.
- *Askurinn (námsumhverfi frá Ásgarði):* Notað til að vinna samþætt verkefni með náttúrufræði og samfélagsfræði.
- Tölvuforrit og verkfæri fyrir ritun og kynningar, t.d. ritvinnsluforrit og ritvinnsluforrit á netinu.
- Ásamt öðrum verkefnum frá kennara.

Áherslur:

- **Bókmenntir og lestur:** Að efla lestraráhuga með sameiginlegum lestri skáldsagna og umræðum um efnið.
- **Ritun og skapandi skrif:** Að þjálfna tjáningu með ritun sagnagerðar, hugleiðinga og skapandi verkefna.
- **Málnotkun:** Að styrkja lesskilning og málskilning með markvissum verkefnum.
- **Tækni í ritun:** Notkun á ritvinnsluforritum til að skrifa ritgerðir, sögur og hugleiðingar.
- **Bókmenntir og lestur:** Að efla lestraráhuga með sameiginlegum lestri og umræðum, með stuðningi frá hljóðbókum og rafbókum.
- **Verkefni og kynningar:** Nemendur vinna verkefni sem þau kynna með hjálp upplýsingatækni, t.d. með glærum eða myndbands kynningum.

Hæfniviðmið:

- Nemandi getur lesið lengri texta af skilningi og rætt efni þeirra á gagnrýnninn hátt.

- Nemandi getur skrifað eigin texta, t.d. sögur eða hugleiðingar, og nýtt sér hugtök og málfræði á réttan hátt.
- Nemandi getur tekið þátt í umræðum og tjáð sig á skýran hátt um lesefni og eigin reynslu.
- Nemandi getur skrifað texta í ritvinnsluforriti og notað einfaldar aðgerðir eins og formun og myndainnsetningu.
- Nemandi getur búið til einfaldar kynningar í glæruforriti og kynnt efni sitt fyrir bekknum.
- Nemandi getur notað rafrænar gagnabækur og hljóðbækur til að auka lestraráhuga sinn.

Dæmi um verkefni:

- **Bókin um mig:** Verkefni sem unnið var fyrir foreldraviðtal, þar sem farið var í fyrirmyndir og setja sér markmið.
- **Greining á Inside Out 2:** Nemendur skoða hvernig mismunandi persónur tákna tilfinningar og rýna í eigin upplifanir.
- **Bókaklúbbur:** nemendur fá kynningu á bókum á bókasafni sem hentar þeim. Velja sér síðan bók, sem þeir síðan vinna tímaáætlun úr og kynna síðan fyrir samnemendum.

Greinarhluti: Samfélagsfræði

Kennsluefni / Kennslugögn:

- *Ég og sjálfsmýndin:* Bók sem fjallar um sjálfsmýnd og persónuleg tengsl.
- *Ég og samfélagið:* Fjallar um félagslega þætti og hvernig samfélagið mótar einstaklinginn.
- *Inside Out 2 (bíómynd):* Notuð til að fjalla um og skilja tilfinningar á skapandi hátt.
- *Askurinn (námsumhverfi frá Ásgarði):* Notað til að vinna samþætt verkefni með náttúrufræði, Íslensku og upplýsingatækni.

Áherslur:

- **Sjálfsmýnd og persónuleg tengsl:** Nemendur læra um sjálfsmýnd sína, samskipti og hvernig samfélagið hefur áhrif á þau.
- **Tilfinningagreind:** Lögð er áhersla á að nemendur læri að þekkja og tjá tilfinningar sínar.
- **Samfélagsvitund:** Að nemendur skilji mikilvægi samfélagslegra þátta eins og fjölskyldu, vana og samfélagsreglna.
- **Tæknileg færni í samskiptum:** Að kenna nemendum um örugga notkun samfélagsmiðla og ábyrg samskipti á netinu.
- **Tæknilæsi og samfélag:** Nemendur læra um hvernig upplýsingar dreifast á netinu og áhrif tækninnar á samfélagið.
- **Höfundaréttur og persónuvernd:** Að nemendur læri um réttindi sín og skyldur varðandi persónuupplýsingar og höfundarétt á netinu.

Hæfniviðmið:

- Nemandi getur útskýrt hvernig upplýsingatækni hefur áhrif á daglegt líf og samskipti.
- Nemandi getur notað samfélagsmiðla og önnur samskiptatól á ábyrgan hátt.
- Nemandi getur sýnt skilning á mikilvægi persónuverndar og öryggis á netinu.
- Nemandi getur greint og rætt mismunandi tilfinningar og áhrif þeirra á samskipti og eigin líðan.
- Nemandi getur útskýrt hvernig fjölskyldan og aðrir samfélagslegir þættir hafa áhrif á sjálfsmynd og daglegt líf.
- Nemandi getur sýnt skilning á mikilvægi virðingar og tillitssemi í samskiptum.

Dæmi um verkefni:

- **Bókin um mig:** Verkefni sem unnið var fyrir foreldraviðtal, þar sem farið var í fyrirmyndir og setja sér markmið.
- **Greining á Inside Out 2:** Nemendur skoða hvernig mismunandi persónur tákna tilfinningar og rýna í eigin upplifanir.
- **Bókaklúbbur:** nemendur fá kynningu á bókum á bókasafni sem hentar þeim. Velja sér síðan bók, sem þeir síðan vinna tímaáætlun úr og kynna síðan fyrir samnemendum.

Greinarhluti: Náttúrufræði

Kennsluefni / Kennslugögn:

- *Náttúrulega 2:* Bók sem fjallar um náttúruvísindi með áherslu á íslenskt umhverfi.
- *Askurinn (námsumhverfi frá Ásgarði):* Notað til að tengja viðfangsefni náttúrufræðinnar við íslensku og samfélagsfræði í þemaverkefnum.

Áherslur:

- **Rannsóknarverkfæri á netinu:** Notkun á netinu til að afla upplýsinga, safna gögnum og nota veðurspár eða náttúrugögn.
- **Umhverfisverkefni:** Nemendur vinna verkefni sem nota tækni til að skoða náttúruyfyrirbæri, t.d. með notkun stafrænna myndavéla til að skrásetja náttúruyfyrirbæri í nágrenni skólans.
- **Rannsóknir á náttúru og umhverfi:** Nemendur læra um vistkerfi, veðurfar, jarðfræði og umhverfisvernd.
- **Tengsl við náttúruna:** Lögð er áhersla á að nemendur skoði eigin tengsl við náttúruna og áhrif hennar á líðan þeirra.
- **Umhverfisvernd og sjálfbærni:** Nemendur læra um mikilvægi umhverfisverndar og sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Hæfniviðmið:

- Nemandi getur safnað gögnum um náttúruvísindi og unnið úr þeim í töflureiknum eða forriti.
- Nemandi getur framsett niðurstöður sínar í myndrænu formi, t.d. með grafi eða einfaldri skýrslu.
- Nemandi getur nýtt tæknilausnir til að framkvæma einfaldar mælingar og skrásetja náttúrufræðisviðbætur.
- Nemandi getur framkvæmt einfaldar rannsóknir á náttúru og útskýrt niðurstöður á skýran hátt.
- Nemandi getur rætt hvernig náttúran hefur áhrif á líðan og hamingju.
- Nemandi getur útskýrt hvernig umhverfisþættir hafa áhrif á lífríki og mikilvægi sjálfbærrar nýtingar.

Dæmi um verkefni:

- **Útitímar**
- **Umhverfisvernd**
- **Unnið með viðfangsefni úr náttúrulega námsefninu.**

Greinarhluti: Upplýsingatækni (sambætt við aðrar greinar)

Kennsluefni / Kennslugögn:

- Ritvinnsluforrit (Word, Google Docs, Canva)
- Glæruforrit (PowerPoint, Google Slides, Canva)
- Öryggiskennsluefni um netnotkun
- Minecraft

Áherslur:

- **Tæknilæsi og ábyrg netnotkun:** Að kenna nemendum um örugga hegðun á netinu og hvernig þeir geta varið persónuupplýsingar sínar.
- **Verkefni á netinu:** Að kenna nemendum að nota netið sem upplýsingaveitu, bæði í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði.
- **Hagnýting tækni í verkefnum:** Notkun tækninnar til að vinna kynningar, skrifa ritgerðir og framsetja rannsóknir á myndrænan hátt.

Hæfniviðmið:

- Nemandi getur búið til og deilt rafrænum verkefnum með öðrum nemendum og kennara.
- Nemandi getur útskýrt mikilvægi netöryggis og sýnt skilning á ábyrgu hegðun á netinu.
- Nemandi getur unnið með tækniverkfæri til að styðja við verkefnavinnu í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði.

Námsmat

Símat, leiðsagnarmat, stuttar kannanir, verkefni, vinnubækur og vinnusemi verður metið til hæfnieinkunnar.

Lesfimiþróf Menntamálastofnunar eru lögð fyrir þrisvar á árinu og staða nemenda metin út frá þeim.

Lesskilningsprófið Orðarún er lagt fyrir í lok hvorrar annar og einnig eru notuð önnur lesskilningspróf til að kanna stöðu nemenda í lesskilningi.

Stærðfræði

Kennari: Dagbjört Lína Kristjánsdóttir

Vikustundir: 5 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðum í stærðfræðinni eru skipt eftirfarandi: Að geta spurt og svarað með stærðfræði, Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar; Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar;

Tölur og reikningur; Líkur; Tugabrot; Rúmfræði ; Mælingar; Almenn brot; Margföldun og deiling; Hnitakerfi og hlutföll; Algebra og munstur.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

að nemendur geti:

- tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun, óformlegri og einfaldri, formlegri röksemdafærslu, fylgt og metið rökstuðning annarra.
- spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta,
- leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

að nemendur geti:

- notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum og tjáð sig bæði munnlega og skriflega um lausnir stærðfræðiverkefna,
- notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

að nemendur:

- Þjálfist í að nota vasareikni.
- Þjálfist í að nota hugareikning þegar það hentar og rita greinargerð um aðferðir sínar.
- Beiti stærðfræði í öðrum námsgreinum.

Tölur og reikningur

- Læri námundun og slumpureikning
- Þekki tugakerfið; einingar, tugi, hundruð, þúsund, tugþúsunda, hundruð þús og milljónir
- Samlagning og frádrátt, margföldun og deilingu.
- Unnið með negatífar tölur
- Talnarunur

Líkur

- Þekki hvað eru tilviljanir, óvissa, möguleikar í tölulegum upplýsingum
- Geti lesið hvað eru miklar eða litlar líkur.
- Geti skrifað líkur sem brot milli 0 og 1

Tugabrot

- Þekki tíunda hluta, hundraðshluta og þúsundustu hluta
- Geti raðað tugabrotum eftir stærð og breytt einföldum almennum brotum í tugabrot.
- Lýst talnamynstrum með tugabrotum
- Lagt saman, dregið frá og margfaldað með tugabrotum
- Geti giskað á svör, reiknað með slumpureikningi og námundað tölur.

Rúmfræði

- Læra að búa til þrívíða hluti
- Geti teiknað form og aðrar myndir í þrívídd
- Átti sig á eiginleikum og einkennum tvívíðra og þrívíðra forma
- Kynnist skiptingu hringsins í 360° (sextugakerfi Babýloníumanna) og notkun þess í skiptingu klst. í mín. og sek.
- Geti teiknað og mælt horn, telja hliðar, brúnir og horn á margflötungum og þekkja hornasummu þríhyrnings.

Mælingar

- Þjálfist í að nota mælieiningar í þyngd eins og g, hg, kg og tonn
- Geti reiknað rúmmál og notað mælieiningar eins og ml, cl, dl og l.
- Kunni að reikna rúmmál ferstrendinga
- Kunni að reikna tíma

Almenn brot

- Kunni að skilgreina almenn brot sem hluta af heild og sem hluta af safni
- Geta fundi almenn brot sem eru jafn gild – sem eru jafn stór
- Kunni stytta og lengja almenn brot

- Geti lagt saman, dregið frá og margfaldað almenn brot

Margföldun og deiling

- Geti framkvæmt aðgerðir með heilum tölum allt að fjögurra stafa útkomu, deilingu þó með eins stafs tölu.
- Geti reiknað dæmi úr daglegu lífi
- Geti notað vasareikni
- Kunni margföldunartöflurnar og geti notað þær í hugareikning

Hnitakerfi og hlutföll

- Þekki staðsetningu, speglun og hreyfingu í hnitakerfi
- Kunni hlutfallareikning, til dæmis um
 - mælikvarða
 - vegalend og hraða
 - kaup, sölu og erlendan gjaldeyri
 - uppskriftir

Kennsluefni / kennslugögn

1. önn

- Tölur og reikningur
- Líkur
- Tugabrot
- Rúmfræði

2. önn

- Mælingar
- Almenn brot
- Margföldun og deiling
- Hnitakerfi og hlutföll

Kennsluhættir

Kennslan í stærðfræði miðast aðallega við kennslubækurnar Stiku 2a og Stiku 2b, nemendabók og æfingahefti. Einnig notum við tímann til að spila allskonar skemmtileg spil sem eflir stærðfræðihugsun. Þó verður reynt að taka inn alls kyns verkefni svo og þrautalausnaverkefni unnið í spjaldtölvu í tengslum við daglegt líf og við lok valdra kafla í námsbókum. Mjög nauðsynlegt er að nemendur kunni margföldunartöflurnar 0-10 og geti notað þær án þess að hika.

Heimanám

Ef nemendur hafa ekki lokið verkefnum í tíma á að ljúka þeim heima. Nemendur þurfa einnig að vinna verkefni heima til nánari æfinga á því sem farið hefur verið í til að festa námsþætti betur í minni.

Námsmat

Mat fer fram reglulega yfir veturinn og lögð er fyrir könnun eftir hvern kafla. Önnur unnin verkefni eru einnig metin. Metið er eftir hæfniviðmiðunum.

Erlend tungumál

Danska

Kennari: Silja Guðnadóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í erlendum tungumálum skiptast í: hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni.

Hlustun

Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og nýtt sér að með orðum eða athöfnum. Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum og líkamsmáli og notað sér upplýsingar í eigin verkefni. Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því.

Lesskilningur

Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum, dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum. Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. Leiðs sér til gagns og gamans stutta, einfalda bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglina og rætt efni þeirra með stuðning kennara og skólasystkina.

Samskipti

Nemendur hefja nú dönskunám sem er annað erlenda tungumálið sem þeir læra í grunnskóla. Með þessu námi er stuðlað að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlöndin og gera þau fær um að tjá sig á öðru tungumáli en móðurmálinu. Því mikilvægt er að nemendur séu færir um að nýta sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum.

- samræður, spyrja og svara

Frásögn

- að nefna hluti, segja frá einhverju sem gerist/hefur gerst
- að lýsa fólki, hlutum og stöðum.
- að lýsa og segja frá daglegum venjum
- tjá skoðanir

Ritun

- skrifa skilaboð

Meningarlæsi

- leikir og spil sem auka orðaforðann

Námshæfni

Mikilvægt er að skapa metnað nemenda fyrir námi sínu og gera þá sjálfstæðari í vinnubrögðum. Þess vegna er þörf á að gera nemendum grein fyrir mikilvægi námsins og vinnuframlagi þeirra til að komast áfram í framtíðinni, strax við upphaf námsins. Til þess þarf kennari að vera duglegur að sýna nemendum sínum fram á að metnaður fyrir því sem tekið er fyrir leiðir til náms og betri frammistöðu í náminu svo og betri möguleikum á framhaldsnámi í framtíðinni.

Kennsluefni / kennslugögn

Byrjað verður á því að klára bókina Start og síðan verður farið í *Smart—les— og vinnubók*. Áhersla verður lögð á munnlega þáttinn, en verður þar að mestu unnið með ýmiskonar efni frá kennara. Einnig verður unnið með einfaldar málfræðiæfingar og lesgreinar sem tengjast efninu, tónlist, ljóð og annað ítarefni frá kennara. Horft verður á danskar myndir og unnið verkefni tengt þeim.

Kennsluhættir

Unnið með margvíslega texta á fjölbreyttan hátt þar sem áhersla er hlustun, tal, lestur og skrift. Aðaláherslan verður lögð á að byggja upp orðaforða og skilning á einföldum textum og talmáli. Námið mun ganga út á lestur á léttum textum, hlustunaræfingum, æfingum í framburði og léttum samræðum. Nemendur munu einnig koma til með að skrifa einfalda texta sem orðaforði og málfærði, sem unnið hefur verið með, er notað.

Heimanám

Mikilvægt er að nemendur fylgist vel með í tímum og vinni þá heimavinnu sem lögð er fyrir, ef einhver verður. Ef nemendur vinna ekki í tíma þá þurfa þeir að vinna það upp heima.

Námsmat

Námsmat fer fram reglulega yfir önnina. Kennari metur nemendur út frá vinnusemi í tíma, hvernig þeim gengur að vinna verkefni sem þau fá sett fyrir, virkni og frumkvæði. Námsmatið miðast við hæfniviðmið aðalnámskrár og verkefni og vinnan nemenda tengd þeim.

Enska

Kennari: Silja Guðnadóttir

Vikustundir: 3 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í erlendum tungumálum skiptast í eftirfarandi þætti: hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlæsi og námshæfni.

Hlustun

- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.
- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Lesskilningur

- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
 - Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.
 - Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt stutt viðtal.

Frásögn

- Sagt frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.
- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Ritun

- Skrifað einfalda texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.
- Sagt frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.

Menningarlæsi

- Sýnt fram á að hann þekkir til síða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

Námshæfni

- Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.
- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.
- Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.
- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.
- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.

Kennsluefni / kennslugögn

Aðalnámsefnið er yes we can 5. Áhersla verður lögð á munnlega þáttinn, en verður þar að mestu unnið með ýmiskonar efni frá kennara. Einnig verður unnið með einfaldar málfræðiæfingar og lesgreinar sem tengjast efninu, tónlist, kvikmyndir og annað ítarefni frá kennara.

Kennsluhættir

Unnið með margvíslega texta á fjölbreyttan hátt þar sem áhersla er hlustun, tal, lestur og skrift. Einu sinni í viku er unnið með grunnefni en einn tími í viku eru unnið með viðbótarefni

Heimanám

Ekkert heimanám er sett fyrir en ef nemendur vinna ekkert í tíma þá þurfa þeir að vinna það upp heima.

Námsmat

Námsmat fer fram reglulega yfir önnina. Kennari metur nemendur út frá vinnusemi í tíma, hvernig þeim gengur að vinna verkefni sem þau fá sett fyrir, virkni og frumkvæði. Námsmatið miðast við hæfniviðmið aðalnámskrár og verkefni og vinnan nemenda tengd þeim.

List og verkgreinar

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum í grunnskóla er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuáðferðum það sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar,

hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir. Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar fyrir lok 4. bekkjar, 7. bekkjar og við lok 10. bekkjar flokkast undir Menningarlæsi.

Heimilisfræði

Kennari: Elísabet Kristín Atladóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir á viku í 6 vikur

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í heimilisfræði einblína á manneskjuna, líf og lífsskilyrði hennar auk andlegra og líkamlega þarfa. Stuðla á að góðu heilsufari, neysluvenjum og almennt heilbrigðum lífsháttum.

Að nemendur:

- temji sér sjálfstæði í vinnubrögðum og við notkun áhaldna og tækja.
- skilji mikilvægi hollustu, heilbrigðis og hreinlætis.
- geti unnið eftir uppskriftum og leiðbeiningum og útbúið einfalda rétti.
- geri sér grein fyrir slyshættu og geti varast slysin.

Hæfniviðmið fyrir heimilisfræði eru:

Matur og lífshættir

- Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar
- Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar
- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu
- Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd

Matur og vinnubrögð

- Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best
- Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld
- Greint frá orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla

Matur og umhverfi

- Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla
- Skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau

Matur og menning

- Tjáð sig um ólíka siði og venjur og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð

Kennsluhættir

Unnið er annaðhvort í hópum eða pörum, fer eftir fjölda nemenda. Þetta skólaár er sjötta og sjöunda bekk blandað saman í heimilisfræði.

Kennsluefni / kennslugögn

Stuðst verður við kennslubókina Gott og gagnlegt 2 auk annarra verkefna frá kennara.

Heimanám

Ekki er gert ráð fyrir heimanámi í heimilisfræði

Námsmat

Námsmat er í formi umsagnar og einkunninni lokið - ólokið í lok annar. Horft er í vinnusemi, metnað, vandvirkni, hreinlæti og hegðun með símati eftir hvern tíma.

Hönnun og smíði

Kennari: Dagbjört Lína Kristjánsdóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir á viku í 12 vikur

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðum í hönnun og smíði er skipt upp í þrjá efnisflokka og eru þeir megináherslusvið greinarinnar Flokkarnir tengjast þó allir innbyrðis. Þessir flokkar eru handverk, hönnun og tækni og umhverfi. Hæfniviðmið fyrir sjónlistir koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum í list- og verkgreina.

Handverk

Að nemandi:

- hafi kynnst mismunandi smíðaefnum, s.s. leðri, plastefnum og málmum
- hafi kynnst notkun algengra bitjárna, s.s. sporjárna
- hafi náð góðu valdi á að nota sagir, s.s. bakkasög í skerstock og laufsög
- hafi náð góðum tókum á notkun sandpappírs
- geti yfirborðsmeðhöndlað smíðisgripi og þrifið og gengið frá penslum og áhöldum
- geti notað mismunandi gerðir festinga, s.s. nagla, skrúfum og lamir
- hafi gert eigin verkáætlun

Hönnun

Að nemandi:

- hafi smíðað hlut eftir eigin hugmynd og teikningu sem tekur mið af ákveðnu hlutverki
- geti teiknað hlut í raunstærð og smíðað hann samkvæmt henni
- þekki og geti beitt hefðbundnu vinnuferli við lausn verkefna sinna

- geti fundið einfaldar lausnir á hönnunarvanda
- hafi lært að virða hugmyndir annarra og gera grein fyrir eigin hugmyndum

Kennslugögn

Kennsluáætlun/námsefni

Að nemandi:

- fari eftir öryggisreglum og skilji mikilvægi þeirra
- sýni ábyrga umgengni og fari eftir almennum reglum í smíðastofunni
- sýni frumkvæði, vinnusemi og vandvirkni
- sýni öðrum kurteisi og tillitssemi og beri virðingu fyrir vinnu annarra
- geti sett smíðakunnáttu sína í samband við viðfangsefni í daglegu lífi
- hafi skilning á gildi endurvinnslu og temji sér að nýta vel það efni sem unnið er með
- öðlist sjálfstraust og yfirsýn til að nota smíðakunnáttu sína á sem flestum sviðum

Kennsluhættir

Í hönnun og smíði er stefnt að því að gera nemendur sjálfstæða í verki til að þroska verkfærni og verkunnáttu. Nemendum eru kennd rétt vinnubrögð frá upphafi og rétt umgengni við vinnusvæði og verkfæri þar sem öryggi þeirra og annarra í smíðastofunni skiptir miklu máli. Þema vetrarins er endurnýting og er því stefnt að því að gera nemendur meðvitaðri um umhverfi sitt ásamt því að þeir læri að nýta efnisheiminn. Nemendur eru studdir í því að setja sér raunhæf markmið og hjálpað að gera sér grein fyrir framförum. Náminu er ætlað að þroska skipulags-hæfileika nemenda og þurfa þeir að öðlast skilning á því hvernig verk er brotið upp í verkþætti. Námsmatið er einstaklingsmiðað og leitast við að koma til móts við áhugasvið hvers og eins nemanda þegar verkefni eru valin. Markmið hönnunar og smíða er að hjálpa nemendum að skynja og meta fallega hönnun, handverk, hagnýtingu tækni og að skilja uppbyggingu atvinnulífsins. Nemendur fá að kynna sér handverki og nútíma handverki þar sem þeir gera sér grein fyrir samhengi nútíðar, fortíðar og framtíðar. Nemendum er úthlutað verkefnum sem þau vinna með og leysa eftir bestu getu.

Verkefni

- Teikna og hanna sinn eigin símastand/spjaldtölvustand
- Teikna upp form sem hentar fyrir brauðbretti
- Nemendur velja sér verkefni til að dýptka kunnáttu sína

Námsmat

Námsmatið er einstaklingsmiðað og metið er eftir hæfniviðmiðum. Kennari kynnir fyrir nemendum hvernig námsmatið mun fara fram og miðar verkefni við að hvaða hæfniviðmiðum er stefnt.

Myndmennt

Kennari: Dagný Rut Kjartansdóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir á viku í 12. vikur

Markmið:

Að nemendur kynnist grunnþáttum myndlistar. Kynnist ólíkum efnum og öðlist þjálfun í að efla skapandi hugsun.

Kennsluefni:

Námsefni frá kennara.

Skipulag:

Nemendur munu byrja á því að búa sér til möppu þar sem þeir munu geyma listaverkin sem þeir gera á skólaárinu. Nemendur munu vinna fjölbreytt og skapandi verkefni, fá að kynnst hinum ýmsu gerðum af efnivið sem hægt er að nota í myndlist.

Hæfniviðmið:

Nemendur geta:

- unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd að lokaútkomu.
- unnið einföld verkefni í hópi.
- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.
- fjallað um eigin verk og annarra.
- Frágangur verkefni og áhalda

Kennsluhættir

Í upphafi er viðfangsefni tímans kynnt fyrir nemendum, ýmist með sjóndæmum eða munnlega. Lögð er áhersla á að nemendur leggi metnað sinn í að leysa hvert verkefni eins vel og kostur er. Unnið verður með einstaklings- og hópaverkefni.

Námsmat

Vinna nemanda í tímum metin þ.e.a.s. vinnusemi, áhuga, frágangi, árangur.

Textílmennnt

Kennari: Karitas Eiðsdóttir

Vikustundir: Tvær kennslustundir á viku í 12 vikur.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina. Hæfniviðmið í textílmennt skiptist í: Handverk, aðferðir og tækni, Sköpun, hönnun og útfærsla og menning og umhverfi.

Handverk, aðferðir og tækni

Að nemendur temji sér strax í upphafi sjálfstæð vinnubrögð og velji eins mikið sjálf og hægt er innan þeirra marka og aðferða sem þau eru að læra hverju sinni. Að nemendur gangi vel um og eigi góð samskipti við aðra. Að nemendur læri að meta gildi textílmennta til nytja, lista og tólmundaiðju.

Sköpun, hönnun og útfærsla

Nemandi taki þátt í umræðum um fagurfræðileg sjónarmið í einfaldri mynd, s.s. lit, lögun, glaðlegt, hlýlegt, fallegt. Þjálfist í að skoða og meta fullunna afurð sína og annarra og tjá sig munnlega um það. Nemandur takist á við verkefni sem vekja áhuga og vinnugleði og koma til móts við langanir og smekk nemandans.

Menning og umhverfi

Nemandi vinni verkefni sem miða að því að fegra og skreyta nánasta umhverfi. Nemandi tengi áhrif frá þjóðlegum íslenskum munum og munstrum eigin verkefnum og fái innsýn í framleiðsluferli handverks frá hugmynd til nothæfrar afurða.

Kennslugögn

Uppskriftir og vinnulýsingar sem kennari býr til sjálfur auk þess sem valið er úr fagblöðum, bókum eða af netinu.

Kennsluhættir

Miðast er við að gera nemandann, með vinnu sinni, sjálfbjarga í undirstöðuatríðum textílmennta. Að hann geti farið eftir verklýsingum og læri að vinna með þau tæki sem til þarf hverju sinni.

Verkefni

- Krosssaumur - stjórnúmerki, nafn og afmælisdag
- Búa til púða úr krosssaumsmýndinni
- Æfingar í saumavél
- Læra að hekla loftlykkjur, tuskur, skífur

Þeir sem ljúka verkefnum sínum fá aukaverkefni við hæfi.

Heimanám

Ekki er gert ráð fyrir heimanámi í textílmennt.

Námsmat

Námsmat: Áhugi, vinnusemi, vandvirkni og hegðun metin með símati eftir hvern tíma. Umsögn og einkunn gefin í lokin.

Margmiðlun

Kennari: Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir

Vikustundir: Tvær kennslustundir einn þriðja af vetrinum.

Ný námsgrein sem verið er að móta en snýr að upplýsinga og tæknimennt. Í ár er margmiðlun kennd í 6. og 7. bekk saman. Við munum vinna mikið í því að vinna verkefni tengt tölvum. Setja upp mismunandi verkefni rafrænt og notum þá helst forritið Canva í því. Allir þrír hóparnir munu setja upp skólablað í Canva sem síðan verður sett á heimasíðu skólans. Þar sem nemendur byrja á því að finna hvað þau vilja hafa í skólablaðinu sínu ásamt því að fá að skoða nokkur mismunandi skólablöð rafrænt. Því næst er farið í að vinna að gagnaöflun áður en blaðið er síðan sett upp í Canva.

Skólaíþróttir

Kennari: Gunnar Andri Pétursson

Vikustundir: 4 kennslustundir

6. bekkur er með 7. bekk í íþróttum á þessu skólári

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin í Aðalnámskrá Grunnskóla eru sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir.

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Gert æfingar sem reyna á loftháðþol.
- Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.
- Tekið þátt í stöðluðum prófum.
- Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols.
- Synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.
- Gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á samhæfingu.

Félagslegir þættir

- Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.

- Skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt.

Heilsa og efling þekkingar

- Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífneris fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun
- Notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum.
- Tekið þátt í glímu og ýmsum leikjum.
- Notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu.

Öryggis og skipulagsreglur

- Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.

Kennsluefni / kennslugögn

Boltar og áhöld í íþróttahúsi og sundlaug. Ýmis hefti um íþróttir og skólasund til að styðjast við til kennslu.

Kennsluhættir

Nemendur taka þátt í æfingum, leikjum og þrautum (með eða án áhalda og tónlistar).

Þeir fá þannig tækifæri til að: efla og reyna á samspil skynfæranna; þjálfra grunnhreyfingar; efla hraða, þol, kraft, viðbragð, líkamsreisn og líkamsstöðu. Auk þess eiga íþróttir að veita nemendum: útrás fyrir hreyfiþörf; tækifæri til skapandi hreyfinga og tækifæri til að öðlast öryggistilfinningu í vatni. Með þátttöku í hópleikjum og annarri samvinnu fá nemendur tækifæri til að efla félagsþroska og til að öryggisreglum sé fylgt, þannig að allir geta haft gaman af, þurfa nemendur að læra að umgangast íþróttahús, áhöld og tæki á öruggan hátt og læra að bregðast við fyrirmælum og merkjum kennara.

Þær væntingar sem ég geri til nemenda minna eru í aðalatriðum að þau sýni áhuga á að framkvæma þær æfingar sem lagt er upp með og vilja til að bæta sig og verða fær í þeim. Að þau sýni íþróttanáminu áhuga.

Kennsluáætlun:

1. Önn- skipt í tvö tímabil

1. Sund

2. Leikfimi

Leikir, stöðvapjálfun, körfubolti, innibandý, hnit, fótbolti, fimleikar, blak, skólahreysti, frjálssar íþróttir, handbolti, viðmiðunarpróf.

2. Önn- skipt í tvö tímabil

1. Leikfimi

Leikir, stöðvaþjálfun, körfubolti, innibandý, hnit, fótbolti, fimleikar, blak, skólahreysti, frjálssar íþróttir, handbolti.

2. Sund

Íþróttir: Úti/inni tímar eftir veðri

Heimanám

Ekkert eiginlegt. Þó er hluti íþróttaiðkunar að kunna almennar hreinlætisvenjur og aðra holla lífshætti.

Athuga: Nemendur eiga að koma með sér fatnað fyrir íþróttir (stuttbuxur og bol). Ætlast er til að nemendur fari í sturtu eftir íþróttatíma. Nemendur í 4.-10. bekk mega vera í íþróttaskóm (innan húss). Í sundi er æskilegt að vera í sundbol/sundskýlu, en ekki bikiní eða stuttbuxum sem ná niður fyrir hné. Þeir nemendur sem ekki geta synt án sundgleraugna verða að koma með sín eigin.

Mikilvægt er að nemendur fylgi þeim öryggis- og umgengnisreglum sem gilda í sundlauginni.

Námsmat

Prófa- og kennaramat. Fylgst verður vandlega með hvernig nemendum gengur að ná þeim markmiðum sem sett voru í upphafi og þannig getur kennari fylgst með framförum nemenda og gert sér grein fyrir áhrifum og þróun kennslunnar. Í íþróttum er metin **færni, áhugi og ástundun**. Til þess að meta færniþáttinn eru tekin nokkur stöðluð próf. Gefin er framvinda í janúar og einkunn í maí eða í lok hvorrar annar. Notast er við hæfniviðmiðin.